Nr. 19.
15.
oktbr.

# Lög

um

vegina á Íslandi.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Alþingi hefir fallizt á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öllum vegum skal skipt í fjallvegi og byggðavegi.

2. gr.

Þeir vegir eru fjallvegir, sem liggja milli landsfjórðunga eður sýslna. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum hlutaðeigandi amtsráðs eða amtsráða hverjir vegir skuli vera fjallvegir.

3. gr.

Fje það, sem með þarf til vegabóta á fjallvegum, greiðist úr landssjóði. Í fjárlögunum skal í hvert skipti ákveða upphæð þessa fjár fyrir næstu 2 ár, en landshöfðinginn gjörir þær ráðstafanir, er með þarf, til þess fjenu verði varið á sem haganlegastan hátt.

4. gr.

Byggðavegum skal skipt í sýsluvegi og hreppavegi; það eru sýsluvegir, sem liggja sýslna á milli. Sýsluvegi skal og leggja yfir hverja sýslu, þar sem mestar eru þjóðbrautir. Hver sýslunefnd fyrir sig stingur upp á, hverjir vegir skuli vera sýsluvegir þar í sýslu, og leggur síðan hlutaðeigandi amtsráð úrskurð á málið. Gjald það, sem eptir tilskipun 15. marz 1861 greiðist til þjóðvega, skal hjer á eptir ganga einungis til vegabóta á sýsluvegum.

5. gr.

Hreppsnefndirnar stinga upp á, hverjir vegir skuli álítast hreppavegir í hverjum hreppi, og leggur síðan hlutaðeigandi sýslunefnd úrskurð á málið. Öll gjöld til hreppavega greiðast þannig, að fyrir hvern verkfæran mann, 20—60 ára, greiðist hálft dagsverk eptir verðlagsskrá; þó skal hverjum einstökum gjaldanda heimilt að vinna af sjer gjaldið, ef hann kýs það heldur, og greiðir hver húsbondi gjaldið eða verkið af hendi fyrir heimilismenn sína. — Hreppsnefndirnar ráða, hver í sínum hreppi, hvernig vegabótagjaldinu er varið. — Þó skulu þær gjöra hlutaðeigandi sýslunefnd grein fyrir því, hvað unnið hefir verið að vegabótum hvert ár, og hvernig vegabótagjaldinu hefur verið varið.

# Lov

om

# Veivæsenet i Island.

Nr. 19.
15.
Oktbr.

---

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guds náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle Veie inddeles i Fjeldveie og Bygdeveie.

§ 2.

De Veie, som forene to Landsfjerdinger eller Sysler, ere Fjeldveie. Landshøvdingen bestemmer efter vedkommende Amtsraads Indstilling, hvilke Veie skulle anses som Fjeldveie.

§ 3.

De til Anlæg og Istandsættelse af Fjeldveiene fornødne Udgifter afholdes af Landskassen. I hver Finantslov fastsættes Størrelsen af den Sum, der i de paafølgende 2 Aar skal anvendes i det nævnte Øiemed, hvorefter Landshøvdingen træffer de fornødne Foranstaltninger til, at den bevilgede Sum anvendes paa den hensigtsmæssigste Maade.

§ 4.

Bygdeveiene inddeles i Sysselveie og Reppeveie. De Veie, som forene to Sysler, ere Sysselveie. En Sysselvei bør desuden anlægges gjennem hvert Syssel, hvor Færdselen er størst. Ethvert Sysselforstanderskab har for sit Syssels Vedkommende at foreslaa, hvilke Veie skulle anses som Sysselveie, hvorefter vedkommende Amtsraad afgjør Sagen ved sin Resolution. Det Beløb, som ifølge Forordning af 15de Marts 1861 udredes til Afholdelse af Udgifterne ved Hovedveiene, vil for Fremtiden være at anvende udelukkende til Anlæg og Istandsættelse af Sysselveie.

§ 5.

Repsforstanderskaberne gjøre Forslag om, hvilke Veie skulle anses som Reppeveie i hver Rep, hvorefter vedkommende Sysselforstanderskab afgjør Sagen ved sin Resolution. Alle Udgifter til Reppeveie udredes saaledes, at der for hver arbeidsfør Mandsperson i en Alder fra 20 til 60 Aar, svares et halvt Dagsarbeide, beregnet efter Kapitelstaxten; dog staar det hver enkelt Øder frit for, hvis han foretrækker det, at præstere Arbeidet in natura, saaledes at hver Husbond udreder Beløbet eller præsterer Arbeidet for sine Husfolk. Repsforstanderskaberne afgjøre, hvert for sin Reps Vedkommende, hvorledes Veibidragene anvendes, dog at de gjøre Indberetning til vedkommende Sysselforstanderskab om, hvad Veiarbeide der er udført hvert Aar, samt hvorledes Veibidragene ere anvendte.

Nr. 19. 15. oktbr.

6. gr.

Nú er sýsluvegur lagður yfir einhvern hrepp eptir 4. gr., svo að þar er minna að gjöra við hreppaveg en annars; skal þá hlutaðeigandi sýslunefnd hafa heimild til að taka annaðhvort ár allt að helmingi af vegabótagjaldi þess hrepps samkvæmt 5. gr. og leggja til vegabóta í öðrum hreppum, þar sem mikið er að gjöra að vegabótum, enda sje þar eigi sýsluvegur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1876, og eru þá afnumdar ákvarðanir í 1., 2., 3., 18. og 21 gr. í tilsk. 15. marz 1861, sem og hverjar aðrar ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 15. dag oktbrm. 1875.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Nellemann.*

§ 6.

Naar en Sysselvei overensstemmende med § 4 er anlagt gjennem en Repp, saa at Reppeveiene der udfordre mindre Arbeide end andetsteds, er vedkommende Sysselforstanderskab bemyndiget til hvert andet Aar at anvende indtil Halvdelen af de Veibidrag, som udredes af Reppen ifølge § 5, til Veiarbeide i andre Repper, hvis Veie udkræve større Udgifter, og hvor ingen Sysselvei fører igjennem.

§ 7.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste August 1876, og fra samme Tid ophæves Bestemmelserne i Forordning af 15de Marts 1861 §§ 1, 2, 3, 18 og 21, saavel som alle andre Bestemmelser, som stride imod nærværende Lov.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg den 15de Oktober 1875.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*Nellemann.*